



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 12. okt. 2020 kl. 17:00.

(Fundur nr. 2. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Berglind Ásgeirsdóttir, Björn Traustason, Þuríður Yngvadóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt án breytinga.

2. Val í stjórnir, nefndir og ráð á vegum SÍ.

Yrkjusjóður: Andri Snær Magnason (skipaður af Vigdísí Finnbogadóttur). Páll Ingbór Kristinsson f.h. SÍ (telja upp hina). Samþykkt að PIK verði áfram.

Kolviður: Reynir Kristinsson formaður, JG, BJ, Rósbjörg Jónsdóttir og Jóhannes Bjarki Urbancic f.h. Landverndar. Óbreytt skipan.

Landgræðslusjóður: Þuríður formaður. JG, Lydia Rafnsdóttir, Pröstur Eysteinnsson og Árni Bragason. Jens B. Baldursson er varamaður Lydíu.

Landgræðsluskógar: Jón Ásgeir Jónsson, Björn H. Barkarson og einn frá Skógræktinni.

Vinaskógur á Þingvöllum: Aðalsteinn (formaður), Einar Örn Jónsson, Ólafur Oddsson og Guðjón Magnússon.

Evrópusamband skógræktarfélaga: Ragnhildur Freysteinsdóttir, fulltrúi SÍ í þessu samstarfi.

Loftslagsráð: Ragnhildur er annar tveggja fulltrúa frjálsra félagasamtaka.

Samráð um ræktun jólatrjáa. Jón Ásgeir er fulltrúi SÍ.
Samráðsnefnd umhverfissráðuneytis og frjálsra félagasamtaka.
Laufey var fulltrúi SÍ. Berglind tekur hennar sæti.
Framkvæmdasjóður Skrúðs. Brynjólfur áfram fulltrúi SÍ.
Opinn skógur: Páll, Þuríður og Einar Örn verða áfram fulltrúar.
Undirbúningsfundur „næsta aðalfundar“ (sem verður í
Mosfellsbæ) verður óbreyttur frá fyrra ári.
Úlfljótsvatn: Magnús Gunnarsson er til í að vera áfram
formaður. Ásamt honum sæti BJ.
Fagráðstefna skógræktar: Jón Ásgeir.
Landsáætlun í skógrækt: Jón Ásgeir.

3. *Fjárhagsyfirlit jan – ágúst og áætlun út árið.*

BJ gerði grein fyrir áætluðum tekjum og gjöldum út árið. Um
11 m kr. tekjur verða af vinnu fyrir Kolvið sem gæti orðið
meiri. Allt bendir til að við áramót verði sæmilegur
rekstrarafgangur. Jens og Hrefna munu ásamt Brynjólfi leggja
drög að fjárhagsáætlun næsta árs fyrir næsta fund.

**4. *Erindi frá Garðyrkjufélagi Íslands vegna byggingu á
sameiginlegu húsnæði***

GÍ er með vilyrði fyrir lóð undir nýjar höfuðstöðvar félagsins
við Stekkjarbakka, við hliðina á þeim stað þar sem stórtækir
aðilar ráðgera að koma upp risavöxnu gróðurhúsi. GÍ kallaði
fulltrúa SÍ og Landverndar á fund til að ræða mögulega
sameiginlega aðstöðu, með fundarsal og gróðurhúsi.
Á fundinum kváðust JG og BJ hafa sagt að ekki væru forsendur
fyrir SÍ að ráðast í miklar fjárfestingar, á meðan verið er að
greiða niður kostnaðinn vegna Úlfljótsvatns.

5. *Alcoa umsókn og athugasemd – Ragnildur kynnir.*

Til þess að uppfylla skilyrði sem Alcoa setur til áframhaldandi
styrkveitinga, krefst vottunaraðili þeirra þess að sett verði inn
klásúla í lög SÍ um hvað gera beri við eignir félagsins ef
félaginu skyldi vera slitið.

Slíkar breytingar þarf að samþykkja með lagabreytingu á
aðalfundi og skal tillagan fylgja fundarboði. Eftirfarandi tillaga
um breytingu á 13. gr. laga félagsins var samþykkt samhljóða:
*„13. grein. Komi fram tillaga þess efnis að slíta félaginu þarf
að leggja hana fram á aðalfundi og skal tillagan fylgja*

*fundarboði. Félaginu verður ekki slitið nema með samþykki ¾ hluta greiddra atkvæða á fundinum. Stjórn myndar skilanefnd og ráðstafar eignum félagsins. **Fjármunir félagsins skulu renna til félagasamtaka skógræktar eða til skógræktar í almannabágu samkvæmt ákvörðun skilanefndar og önnur gögn til Þjóðskjalasafns.***

6. Aðalfundur Kolviðar og framvinda

JG sagði frá nýafstöðnum aðalfundi þar sem einkum var rætt um það sem framkvæmt hefur verið á árinu og um vottun á kolefnisbindingu Kolviðar.

Brottfall þátttakenda (fyrirtækja) sem hafa viljað kolefnisjafna sig í Kolviði hefur verið lítið þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu og margir einstaklingar hafa bæst við. Auglýst hefur verið eftir löndum og hafa allmargir aðilar sýnt málinu áhuga.

Björn Traustason benti á að nýtt aðalskipulag Mosfellsbæjar er nú til umsagnar og þar er Mosfellsheiðin skilgreind sem „landbúnaðarland“ (m.ö.o. beitiland). Tilraunir í sumar hafa sýnt fram á að gróðursettar trjáplöntur eiga sér enga framtíð á Mosfellsheiði nema með friðun fyrir beit. Stundum hefur verið rætt um að Mosfellsheiðin (14 þús. hektarar) geti orðið framtíðar-starfssvæði fyrir ræktun „kolviðarskóga“, en það mun seint ganga með sauðfjárbreit.

7. Önnur mál m.a.

- Aðalfundur Úlfljótsvatns sf.

Verður haldinn á morgun og er öllum opinn.

- gengið frá samningi um Opinn skóg við Samkaup

Í ágúst var undirritaður samningur milli S.Í og Samkaupa sem er nýr samstarfsaðili um Opinn skóg. Samtarfssamningurinn nær til seinni hluta þessa ár og gildir líka fyrir næsta ár.

- umsókn til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða vegna Opinn skógur í Sólbrekkum

Hugmyndin er að reisa aðstöðuhús í Sólbrekkuskógi við Selvatn á Reykjanesskaga. Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, eftir að búið var að ganga frá lausum endum, m.a. vegna skipulags. Til þess að hægt væri að senda inn umsókn þurfti m.a. samþykkt bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Sótt er um ríflega 50 m kr. fyrir útivistaraðstöðu og salernisaðstöðu.

Fyrir ári fékkst styrkur vegna hönnunarvinnu, en nú er sótt um fyrir byggingunni. Fáist þessi styrkur er ráðgert að verkinu ljúki 2022.

- ***fjárlög 2021***

Landgræðsluskógar eru á fjárlögum, með 50 m kr. Sækja verður sérstaklega um framlag til rekstrar félagsins til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, líkt og í fyrra.

- ***drög að samstarfssamningi við Landvernd***

Lögð fram til kynningar og voru stjórnarmenn hvattir til að senda athugasemdir við drögin.

- ***Annað.***

Björn taldi að COVID-19 ástandið kynni að hafa jákvæð áhrif á sölu íslenskra jólatrjáa sem fólk veldi sjálft úti í skógi (en ekki í mannmörgum verslunum).

VA spurði um Rótarskot um næstu áramót. Samningur var endurnýjaður í fyrra til tveggja ára og hann gildir fram yfir næstu áramót.